

**Ed.**

**2. Frumvarp til laga**

[2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 52 milljón krónur eða jafnvirði þess í erlendri mynt, sem Síldarverksmiðjur ríkisins munu taka til kaupa á síldarflutningaskipi og til endurbóta á löndunartækjum o. fl.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

**Fylgiskjal.**

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til kaupa á skipi til síldarflutninga á hafnir norðanlands, svo og til endurbóta á löndunartækjum verksmiðjanna o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 52 milljón krónur eða jafnvirði þess í erlendri mynt, sem Síldarverksmiðjur ríkisins munu taka til kaupa á síldarflutningaskipi og til endurbóta á löndunartækjum o. fl.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1966.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*